Alþýðusamband Íslands

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2019
Tilvísun: 201902-0002

Tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi.

Vísað er til erindis dags. 31. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi, 274 mál.

Á síðustu misserum hefur orðið vaxandi umræða um stöðu og hagi innflytjenda á Íslandi. Hvoru tveggja kemur til, mikil fjölgun innflytjenda hér á landi síðustu ár og vaxandi skilningur á erfiðu aðstæðum og hindrunum sem innflytjendur hér á landi mæta og búa við. Mikilvægt er stjórnvöld horfist í augu við þá staðreynd að Ísland er orðið fjölþjóðlegt samfélag.

Á vettvangi Alþingis, eins og í samfélaginu öllu, hafa þessi mál ítrekað komið til umræðu og settar hafa verið fram tillögur um að taka á þessum málum í heild sinni eða varðandi einstaka þætti. Í því sambandi má m.a. nefna þingsályktunartillögu um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda, 19. mál.

Alþýðusamband Íslands tekur undir þau markmið sem fram koma í þingsályktunartillögunni sem og öðrum hliðstæðum sem áður hafa komið fram um mikilvægi þess að fjallað verði um málefni innflytjenda af hálfu stjórnvalda með það að markmiði að tryggja þeim réttindi og þjónustu þannig að þeir geti notið sinna hæfileika verið fullgildi aðilar í okkar samfélagi. Það eru hagsmunir innflytjenda. Það eru um leið hagsmunir samfélagsins alls.

Virðingarfyllst,

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Eyrarbakka 20.02.19

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi. Þingskjal 305-274.

Það er löngu orðið tímabært með opinber stefnumótun um málefni innflytjanda, því er svo sannarlega tilefni til að fagna þessari þingsályktunartillögu.

Það er þó nokkrir þættir í henni sem mætti endurskoða. Til dæmis má finna gildishlaðnar staðhæfingar án tilvitnana í rannsóknir sem gæti styrkt þær. Eins og „á Norðurlöndum er að finna samkeppnishæfustu samfélög í heimi með jafnrétti, velferð og samfélagslega ábyrgð í fyrirrúmi". Ef litið er nánar á hugtakið jafnrétti má til dæmis sjá að á Íslandi hefur jafnréttishugtakið lengi vel nær eingöngu táknað jafnrétti kynjanna. Það er ekki fyrr enn haustið 2018 sem jafnréttisstofa var gert að vinna með jafnrétti á breiðari grundvelli en eingöngu kynjajafnrétti.

Eins er algengt að jafnréttisáætlanir á vinnustöðum þar sem fleiri en 25 manns starfa nái eingöngu til jafnréttis milli kynjanna. Hér hefur alþingi verk að vinna með að uppfæra „jafnréttislögin" svo kölluð og einnig að endurskoða eigin jafnréttisáætlun með tillit til uppruna, fötlunar og fleira. Þó að þetta virðist vonandi vera á réttri leið, er mikilvægt að við viðurkennum fyrir sjálfum okkur að við eigum töluvert verk að vinna hér á landinu áður en við getum talað um jafnrétti í fyrirrúmi.

Endurskoðun á hugtakinu jafnrétti er einmitt mikilvægur líður í að bæta stöðu innflytjenda hér á landi og mótun stefnu um málefni innflytjanda getur þar auðvitað gengt mikilvægu hlutverki.

Annað hugtak sem mætti að skilgreina betur er „íslenskt samfélag", en það er notað í þessi álktunartillaga án frekar skilgreiningar. Hvað er eiginlega átt við með „Íslenskt samfélag"? Hugtakið „innflytjandi" er nota bene þó skilgreint, það má velta því fyrir sér af hverju það er skilgreint en ekki „íslenskt samfélag".

Mikilvægt er að forðast orðræðu þar sem „innflytjendur" og „íslenskt samfélag" eru sett upp sem andstæður eða tvennt ólikt, þó svo að það sé gert með besta ásteningi og í sambandi við umræður um hvernig á að sameina þetta tvennt. Slík orðræða getur líka verið á skjön við hugmyndir um fjölþjóðlegt samfélag.

Eins mætti líka skilgreina markmið stefnunnar með skýrari hætti. Í upphafi þingsályktunartillögunnar er talað um að efla þátttöku fólks af erlendu upprunna í íslensku samfélagi. Í niðurlagi er hins vegar frekar lögð áhersla á að vinna gegn þjóðernishyggju og andúð á útlendingum á Íslandi. Ekki er sýnt fram á með sannfarandi hætti í þessari þingálktunartillögu að því efla þátttöku innflytjenda fylgi þar með minni þjóðernishyggja. Hvoru tveggja eru mjög mikilvæg málefni sem ber að vinna markvisst með. Þetta eru ólík málefni sem þó að þau tengist þá verður að takast á við þau á ólíkan hátt og þau snúa að á sumu leyti að ólíkum hópum.

Því er spurning hvort þetta ætti ekki frekar að vera sitthvort stefnan. Annar möguleiki væri að kalla stefnuna sem hér er um að ræðir „stefnu um málefni innflytjenda" eða eitthvað í þeim dúr, því undir því heiti rúmast betur að vinna gegn þjóðernishyggja.

Að lokum vil ég undirstrika mikilvægi þess að gefa sem flestum innflytjendum tækifæri til að koma að þessari stefnumótun ef hún verður að veruleika. Þegar drög að stefnu liggja fyrir ætti ekki að opinbera þau eingöngu á formlegri íslensku heldur líka á auðlesinni íslensku ásamt öðrum tungumálum, með því markmiði að stuðla að betra aðgengi þeirra sem málið varðar. Það eru nú þrátt fyrir allt innflytjendur sem eru til umfjöllunar. Sérstaklega er þetta aðgengi mikilvægt í ljósi þess yfirlýsta ásetnings tillögunnar að efla einmitt þátttöku innflytjenda í íslensku samfélagi og einn liður í því er auðvitað að gefa okkur tækifæri til að taka þátt í að móta slíka stefnu.

Virðingarfyllst
Anna Söderström

FJÖLMENNINGARSETUR
MULTICULTURAL AND INFORMATION CENTRE

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi.

149 löggjafarþing

Þingskjal 305 -274 mál

Ísafirði 15.02.2019.

Fjölmenningarsetur fagnar tillögu um þingsályktun um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi.

Í framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda er kveðið á um að það skuli miða að því að tryggja jöfn tækifæri allra landsmanna, óháð einstaklingsbundnum þáttum og aðstæðum. Þar eru jafnframt tilgreindar 5 stoðir; Samfélagið, Fjölskyldan, Menntun, Vinnumarkaður og Flóttafólk. Innan allra þessara stoða eru sett fram tiltekin markmið sem aðgerðunum er ætlað að ná fram.

Það er mat Fjölmenningarseturs að ef stjórnvöld settu fram yfirgripsmikla heildarstefnu í málaflokknum myndi það styrkja aðgerðaráætlun í málefnum innflytjenda og hjálpa til við að móta uppbyggingu stofnanna sem koma að málefnum innflytjenda.

Fjölmenningarsetur telur að það sé mikil þörf á að styðja við stofnanir til þess að takast á við síkvikar aðstæður innflytjenda á vinnumarkaði, húsnæðismarkaði og varðandi upplýsingagjöf. Þetta á ekki síst við úrræði og bjargir stofnanna á borð við Vinnumálastofnun, Vinnueftirlits, Jafnréttisstofu og Fjölmenningarseturs sem bera hitan og þungan af þjónustu og upplýsingagjöf við innflytjendur eftir komu til Íslands ásamt því að fylgjast með aðstæðum á vinnumarkaði.

f.h. Fjölmenningarseturs,

Rúnar H. Haraldsson, forstöðumaður.

FJÖLMENNINGARSETUR
MULTICULTURAL AND INFORMATION CENTRE

ÁRNAGÖTU 2-4
400 ÍSAFJÖRÐUR
ICELAND
TEL (+354) 450 3090
FAX (+354) 450 3095
www.fjolmenningarsetur.is
fjolmenningarsetur@fjolmenningarsetur.is
www.mcc.is / info@mcc.is

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. febrúar 2019.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi, þskj. 305- 274. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands styður ofangreinda þingsályktunartillögu heilshugar. Eins og staðan er í dag á margt fólk af erlendum uppruna erfitt uppdráttar í þjóðfélaginu. Þar kemur margt til, m.a. vanþekking á lögum og reglum, réttindum og skyldum, sem og að samfélagið hefur ekki að fullu viðhaft þær ráðstafanir sem þarf til að tryggja innflytjendum jafnræði á við aðra íbúa þess.

Þannig hefur mörgum einstaklingum af erlendum uppruna reynst erfitt að fá menntun sína viðurkennda hér á landi og að fá störf er hæfa menntun þeirra. Sökum skorts á túlkaþjónustu, vanþekkingu á þjónustu við innflytjendur og jafnvel menningarmunar, eru ýmiss konar þjónusta og aðgengi einnig takmarkaðri innflytjendum en öðrum og meira um misnotkun og hagnýtingu fólks af erlendum uppruna, t.d. á vinnumarkaði. Upplýsingagjöf er ábótavant og svo er einnig um aðgang að íslenskukennslu. Nýjar rannsóknir sýna einnig að lesskilningur barna af erlendum uppruna er lakari en íslenskra og sum þeirra kunna hvorki íslensku né móðurmál sitt svo fullnægjandi sé. Við því þarf að bregðast.

Fleira mætti telja upp en MRSÍ lætur staðar numið að sinni og áréttar stuðning sinn við þingsályktunartillöguna og hvetur til samþykkis hennar.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

Túngata 14, 1. hæð – 101 Reykjavik - Iceland
Símar/Phone + 354 552 27 20
Netfang/ E-mail: info@humanrights.is

Reykjavíkurborg
Mannréttindaskrifstofa

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

20.febrúar 2019

Efni:*Umsögn Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi, 274. mál, 149. löggjafarþing 2018-2019.*

Mannréttindaskrifstofa hefur fengið til umsagnar ofangreinda tillögu og fagnar að fram sé komin þingsályktunartillaga sem fjallar um stefnumótun í málefnum innflytjenda.

Mannréttindaskrifstofa vill koma eftirfarandi á framfæri:

Samkvæmt áherslum Evrópuráðs og fræðum um fjölbreytileika er lykillinn að aðlögun innflytjenda ekki einhliða aðlögun þar sem einn hópur aðlagast hinum. Enska hugtakið *integration* hefur oft verið þýtt sem gagnkvæm aðlögun, meðal annars af Rauða krossinum. Hún felur annars vegar í sér kröfu á innflytjendur um að laga sig að menningu nýja heimalandsins án þess að tapa sínum eigin menningarlega bakgrunni og hins vegar kröfu á nýja samfélagið, þar með talið stjórnsýsluna og þjónustu, að laga sig að komu og búsetu nýrra samfélagsþegna (PERCO, 2004).

Til að stefna, sem á að efla fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi, skili árangri þarf gagnkvæm aðlögun að vera lögð til grundvallar. Það er tímabært að Ísland móti stefnu í málefnum innflytjenda byggða á þeirri hugmyndafræði.

Þróunarsjóður innflytjendamála er nefndur í tillögunni. Sjóðurinn á að fjármagna verkefni sem varða málefni innflytjenda og hefur til langs tíma oft verið eini möguleikinn til að reka frjáls félagasamtök sem sinna innflytjendamálum. Þessi sjóður má ekki koma í staðinn fyrir fjármögnun varanlegra aðgerða í innflytjendamálum sem eiga betur heima á föstum fjárlögum.

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar fagnar því að megin áhersla í tillögunum er lögð á eflingu fólks af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi. Ef vel á að takast til er nauðsynlegt að bæta starfsemi Fjölmenningarseturs og tryggja upplýsingagjöf til innflytjenda á öllu landinu sérstaklega þar sem flestir innflytjendur velja að búa.

Menntun, atvinnuþátttaka og velferðarmál skipta höfuðmáli þegar aðögun innflytjenda er annars vegar og getur tryggt þátttöku þeirra í íslensku samfélagi. Mikilvægt er að festa ýmsar aðgerðir í lögum eins og fría íslenskukennslu fyrir innflytjendur og stuðning við móðurmálskennslu og virkt tvítyngi í grunnskólum en rannsóknir hafa sýnt að góð þekking í móðurmáli er grundvöllur þess að afla sér menntunar á öðru tungumáli.

Virðingarfyllst,

Anna Kristinsdóttir

Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar

Heimildarskrá:
PERCO (2004). Cultural Diversity in your Organisation: Guidance for National Red Cross and Red Crescent Socities on Volunteering in Social Welfare Work, https://www.ifrc.org/Global/Publications/migration/perco/perco-diversity-en.pdf